HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Starfsnám í grunn- og framhaldsnámi

Nemendur geta sótt um starfsnám í stað valnámskeiðs. Starfsnámið er í öllum tilvikum ólaunað en nemendur fá 6 ECTS einingar fyrir fulla vinnu í 4 vikur (160 klukkustundir). Dreifa má þeim klukkustundafjölda á allt að 12 vikna tímabil yfir tvær lotur.

Skólinn tryggir ekki nemendum vinnustaði fyrir starfsnám heldur þurfa nemendur sjálfir að senda á fyrirtæki og stofnanir og óska eftir plássi. Í einstaka tilfellum getur skólinn verið með milligöngu.

Nemendur geta ekki fengið starfsnám metið

Nemendur taka ekki starfsnám á sínum vinnustað þar sem markmiðið er að kynnast nýjum vinnustað, starfssviði.

Vinnustaðurinn/verkefnið þarf að tengjast námi nemandans.

Framkvæmd

Starfsnámið er í öllum tilvikum ólaunað.

Nemendur sinna starfsnámi í 160 klukkustundir á 4-12 vikna tímabili.

Sótt er um stafsnám eins og önnur námskeið inn á Uglu fyrir tilsettan tíma samkvæmt dagatali skólans.

Nemendur finna sér sjálfir vinnustað/ fyrirtæki til að sinna starfsnáminu.

Síðan þarf að sækja um á sérstöku eyðublaði sem aðgengilegt er inn á námskeiðinu á Canvas. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá ásamt upplýsingum um hvar viðkomandi ætlar að stunda starfsnám, nafn, símanúmer og netfang tengiliðs.

Fulltrúi frá deild skólans metur umsóknina og samþykkir.

Ekki má hefja starfsnám fyrr en samþykki frá deildinni er komin og umsjónarmaður starfsnáms er búin að senda samning á fyrirtækið og nemandann.

Námslína

Starfsnámið stendur öllum nemendum til boða á öllum námslínum skólans bæði grunn- og framhaldsnámi.

Forkröfur

Nemendur skulu hafa lokið að lágmarki 110 ECTS einingum í grunnnámi og 30 ECTS í framhaldsnámi.

Kennari

Nemendur fá einn umsjónarmann í fyrirtækinu eða stofnuninni sem um ræðir sem fylgist með vinnu nemandans og leiðbeinir honum.

Umsjónarmaður starfsnáms sér um alla skjalavinnslu fyrir hönd háskólans.

Fulltrúi frá deild skólans samþykkir vinnustað og les yfir lokaskýrslu og metu hvort námskeiðið sé staðið/fallið.

Kennsluaðferð

Um er að ræða þjálfun á vinnustað sem tekur mið af starfsemi stofnunnar/fyrirtækis. Handleiðsla er stór hluti starfsþjálfunnar. Ábyrgðaraðili fyrirtækis og nemandi hittast reglulega og meta vinnu og framvindu verkefna.

Innihald og markmið

Markmiðið með starfsnáminu er að bjóða nemendum upp á starfsþjálfun undir faglegri handleiðslu reyndra starfsmanna/stjórnenda í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmiðið er að nemendur kynnist nýjum vinnustað og starfsvettvangi og takist á við hagnýt verkefni.

Markmiðið er að nemendur nýti þekkingu sína úr náminu í raunhæfum aðstæðum.

Hæfniviðmið

Að starfsnámi loknu eiga nemendur:

- Að kunna að beita viðeigandi aðferðum við þau verkefni sem þeim voru falin.
- Að hafa öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum og geta sett upp verkáætlun og fylgt henni.
- Að vera færir um að hagnýta þekkingu sína og leikni í viðkomandi starfi eða verkefnum sem þeim eru falin á starfsnámstímanum.
- Að getað tengt saman fræði og framkvæmd í lokaskýrslunni.

Námsmat

Nemandi skilar inn verkáætlun þar sem fram kemur tímaramminn á starfsnáminu og helstu verkefni.

Nemandi heldur dagbók með reglulegum færslum um þau verkefni sem hann vinnur. Hann nota upplýsingar úr dagbókinni til að vinna lokaskýrslu og setur hana í viðhengi við lokaskýrsluna.

Nemandi skilar inn lokaskýrslu að loknu starfsnámi sem fulltrúi deildarinnar fer yfir.

Umsjónarmaður í fyrirtæki/stofnun vottar ástundun nemanda og verkefnavinnu í lok starfstímans og skilar endurgjöf til skólans.

Fyrir starfsnám er gefin einkunnin staðið/fallið.